

Rangárþing bs  
Rúnar Guðmundsson  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
03 MARS 2009
54.22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. mars 2009  
Tilvísun: UST20090200066/bs

### Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014 - Nýr vegur yfir Þjórsá ofan Búðafoss. Umsögn

Vísað er til bréfs Byggingar- og skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í greinargerð með breytingartillögu skortir að mati Umhverfisstofnunar umfjöllun um að áhrifasvæði er að hluta á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir að forðast skuli röskun þar til greindra jarðmyndana og vistgerða eins og kostur er.

Einnig skortir umfjöllun um áhrif breytingartillögu á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar sbr. fyrrnefnda lagagrein.

Loft- og hljóðmengun vegna umferðar eru mælanleg áhrif sem eiga upptök sín í umferð um ákveðna vegi. Áhrifin eru m.a. háð magni og samsetningu umferðar og landfræðilegum aðstæðum nærri viðkomandi vegi. Hér er um staðbundin áhrif að ræða. Bætt hljóðvist við aðra vegi getur ekki upphafið áhrif breyttrar hljóðvistar á áhrifasvæði fyrirhugaðs vegar. Umhverfisstofnun telur að leggja hefði átt áherslu á að nýta þá vegi sem fyrir eru ef þess væri nokkur kostur, ef með því móti væri unnt að forðast rask á jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar.

Umfjöllun um umhverfisáhrif breytingartillögu á aðalskipulagi er í styttra lagi og mætti vera markvissari og skýrari, samanber framangreindar athugasemdir.

Virðingarfyllt

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson

*Ólafur A. Jónsson*  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Skipulagsstofnun